

## Nemendaráðsfundur 28.okt. 2025

Mættir eru : Natalía Kristín, Kári Stefan, Sandra Lind, Arnar Leví, Óskar Elí og Ívar Enok.

Fundur settur kl 13:10

- Sandra kynnti stuttlega hvað hefði komið fram á skólaráðsfundi sem hún mætti á nýverið.
  - Lesið yfir síðustu fundargerð og farið yfir þau atriði sem verið er að vinna að og eru á dagskrá.
  - Skápar fyrir nemendur aftur ræddir. Nemendur á unglingagangi vilja betri lausn en snagana sem eru upp á gangi. Bráðabirgðatillaga kom um að setja snaga við aðalinnganginn. Þeim finnst of mikill troðningur að allir setji úlpurnar sínar á snagana uppi og finnst óþægilegt að settar séu úlpur ofan á aðrar úlpur sem dæmi. Ef snagar væru á báðum stöðum, þá yrði ekki eins mikill troðningur og nemendur þyrftu ekki að setja tvær úlpur á sama snaga.
  - Ræddum Halloween. Nemendaráð vildi ræða hvað yrði gert í skólanum á Halloween en umsjónarmaður útskýrði að hvert stig fyrir sig ákveður hvað eigi að gera á Halloween, hvatti þau til að taka spjallið með kennurum sínum.
  - Umræða aftur um hugmyndakassann.  
“Hugmyndakassinn ræddur. Ákveðið var að ganga aftur í bekk og minna á hugmyndakassann. Nemendaráðið vill að gerðir séu 2 nýjir kassar svo hægt sé að vera með sér hugmyndakassa á hverju stigi.” (úr síðustu fundargerð).
- Umsjónarmaður athugaði hvort það væru sjálfboðaliðar sem myndu vilja smíða tvo nýja kassa, Ívar hvatti Óskar til að smíða með sér nýja kassa en Óskar vildi það ekki.

Ákveðið var að reyna endurnýta aðra kassa í þetta verkefni ef aðrir kassar finnast.

Allir ætla að hafa augun opin ef kassar finnast sem hægt er að nýta í þetta verkefni.

- Óskar og Ívar nefndu “sleepover” á miðstigi. Við spjölluðum um að það væri í höndum nemenda og foreldra að skipuleggja það. Ákváðum að það yrði farið í það eftir áramót að biðja um gistipartý.
- Ræddum næstu uppbrotsdaga.
- Tillaga að hafa kósýdag föstudaginn 21. Nóvember. Nemendum langar að athuga hvort þau megi koma með snakk í stað þess að það sé popp í boði.
- Tillaga um að hafa vöflukaffi í boði kennara í vikunni fyrir jólafrí, 15.-19. desember.
- Ekki fleiri mál á dagskrá. Fundi slitið kl 13:40.

Jórunn ritar